

Nd.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Fyrirsögn VIII. kafla orðist svo: VIII. Um Umferðarmálaráð, umferðarfræðslu o. fl.

2. gr.

Í stað 82.—84. gr. komi níu greinar (82.—90. gr.), svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

a. (82. gr.) Almenningsi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

b. (83. gr.) Dómsmálaráðherra skipar 16 menn í Umferðarmálaráð til þriggja ára í senn.

Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í ráðið:

Bandalag íslenzkra leigubifreiðastjóra.
Bifreiðæftirlit ríkisins.
Bindindisfélag ökumanna.
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.
Félag íslenzkra bifreiðaeigenda.
Fræðslumálastjórn.
Landssamband vörubifreiðastjóra.
Landssamtök klúbbanna „Óruggur akstur“.
Reykjavíkurborg.
Ríkislögregla.
Samband íslenzkra sveitarfélaga.
Samband íslenzkra tryggingarfélaga.
Slysavarnafélag Íslands.
Vegagerð ríkisins.
Ökukennarafélag Íslands.

Dómsmálaráðherra skipar formann Umferðarmálaráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna.

c. (84. gr.) Hlutverk Umferðarmálaráðs skal vera sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.
2. Að vera fræðslufyrirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.
3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegum kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.
4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlunartækjum.
5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.
6. Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.
7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.
8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.
9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarmálaráði ber að hafa samvinnu við fræðslufirvöld, lögreglufirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, váttryggingarfélag, svo og öll önnur félög og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

d. (85. gr.) Innan Umferðarmálaráðs skal starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðherra störfum með framkvæmdanefndarmönnum, eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdanefnd skal vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarmálaráð fjallar um. Hún hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirri, sem unnin er á vegum þess.

e. (86. gr.) Dómsmálaráðherra ákveður þóknun formanns og framkvæmdanefndar, en að öðru leyti eru störf í Umferðarmálaráði ólaunuð. Framkvæmdanefnd getur ráðið sér nauðsynlegt starfsfólk með heimild ráðherra.

Um kostnað af störfum Umferðarmálaráðs skal gera áætlun, sem sendist ráðuneytinu til staðfestingar, svo og árleg reikningsskil.

f. (87. gr.) Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarmálaráðs.

g. (88. gr.) Sveitarstjórnnum ber að fræða almenning um umferðarmál eftir því, sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnnum er og heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið slíkra umferðarnefnda.

h. (89. gr.) Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn Umferðarmálaráðs reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.

i. (90. gr.) Skólastjórum er skylt í samráði við lögreglustjóra og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitt af þeim verkefnum, sem framkvæmdanefnd hægri umferðar hafði með höndum í sambandi við umferðarbreytinguna 26. maí 1968, var að annast viðtæka fræðslu- og upplýsingastarfsemi, bæði um umferðarmál almennt og vegna umferðarbreytingarinnar sérstaklega. Starfsemi þessi fór ýmist fram á vegum nefndarinnar sjálfrar eða þannig, að nefndin samræmdi og studdi starfsemi þeirra aðila annarra, sem að umferðarmálum höfðu starfað. Til að vinna að þessum málum kom framkvæmdanefndin, í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands, á fót nær eitt hundrað umferðaröryggisnefndum utan höfuðborgarsvæðisins. Á því svæði annaðist hins vegar sérstök skrifstofa á vegum umferðarnefndar Reykjavíkur umferðarfræðsluna í samvinnu við samstarfsnefnd um umferðarfræðslu, sem skipuð var fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Sérstök samstarfsnefnd, skipuð fulltrúum fræðslufirvalda og lögreglufirvalda, sá um umferðarfræðslu í skólum landsins.

Fram til þess tíma að undirbúningur hægri umferðar hófst, hafði lítið verið um samræmda umferðarfræðslu, þótt fjölmargir aðilar hafi lagt þar nokkuð af mörkum. Í Reykjavík hafði umferðarnefnd og lögreglan með höndum mikinn hluta almennrar umferðarfræðslu, m. a. í útvarpi, en þar hafði verið unnið markvisst að uppbyggingu umferðarfræðslukerfis. Utan Reykjavíkur var ekki um jafn skipulagða og samræmda umferðarfræðslu að ræða, en að þeirri fræðslu höfðu þó ýmis félög átt aðild.

Má þar fyrst og fremst nefna Slysavarnafélag Íslands, en auk þess ýmis önnur félög, svo sem Félag íslenzkra bifreiðaeigenda, Bindindisfélag ökumanna, váttryggingafélögin og samtökin Varúð á vegum. Fræðslufirvöld önnuðust umferðarfræðslu í samræmi við ákvæði reglugerðar um umferðarfræðslu í skólum.

Eigi fer milli mála, að sú viðtæka og samræmda umferðarfræðsla, sem fram fór í sambandi við umferðarbreytinguna, átti mjög ríkan þátt í því, hversu vel hún tókst. Til þess að viðhalda og styrkja þau áhrif, sem fræðslustarfsemin hafði, var nauðsynlegt, að áframhald yrði á skipulagðri umferðarfræðslu.

Til að tryggja slíkt áframhald var því af hálfu dómsmálaráðuneytisins undirbúin skipan mála, er tæki við, þegar framkvæmdanefnd hægri umferðar léti af störfum 24. janúar síðast liðinn. Þann dag var því gefin út reglugerð fyrir Umferðarmálaráð, þar sem mótuð var hin nýja skipan þessara mála. Þótti henta að stofna Umferðarmálaráð með slíkri reglugerð, en jafnframt var haft í huga, að vel gæti þótt ástæða til síðar að setja löggjöf um Umferðarmálaráð á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengist í mótun mála við framkvæmd þeirra.

Hlutverk Umferðarmálaráðs er fyrst og fremst á sviði umferðarfræðslu, en beinist einnig að því að vinna að almennum umbótum í umferðarmálum. Við skipulagningu umferðarfræðslu er nauðsynlegt að hafa glöggar upplýsingar um umferðina, og í hverju henni er áfátt. Var því gert ráð fyrir, að Umferðarmálaráði skyldi einnig ætlað það hlutverk að sjá um, að á hverjum tíma væri til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu. Að þessu hafði eigi verið unnið skipulega, þótt framkvæmdanefnd hægri umferðar og rannsóknarnefnd umferðarslysa hafi safnað nokkrum upplýsingum um umferðarslys, og var gert ráð fyrir því, að Umferðarmálaráð fengi í hendur gögn þeirra um það efni. Þriðji þáttur verkefnis Umferðarmálaráðs er loks sá að samræma og samstillta atorku og viðleitni sérhverra aðila, sem hafa áhuga á og vinna að bættri umferðarmenningu.

Ljóst er, að fjárreiður Umferðarmálaráðs þurfa að vera viðunandi, ef starfsemi þess á að bera tilætlaðan árangur. Er gert ráð fyrir því í sambandi við framlengingu á umferðarbreytingargjaldi samkvæmt lögum nr. 65/1966 um hægri handar umferð, að kostnaður við Umferðarmálaráð verði fyrst um sinn greiddur af því gjaldi.

Umferðarmálaráð hefur nú starfað um nokkurra mánaða skeið, og reynsla fengist af starfi þess. Hefur uppbygging ráðsins gefið það góða raun, að tímabært þykir að festa skipan þess með löggjöf.

Rétt hefur þótt, að ákvæði um þetta verði í umferðarlögum, og þá í VIII. kafla þeirra, sem fjallar um umferðarfræðslu. Einstök ákvæði frumvarpsins um verkefni og tilgang Umferðarmálaráðs þarfnast ekki skýringa, en þau eru í samræmi við reglugerðina frá 24. janúar síðast liðnum. Jafnframt þessu eru gerðar nokkrar litilsháttar breytingar á núgildandi ákvæðum til samræmingar og sett nýtt ákvæði um skipun umferðarnefnda í sveitarfélögum, en reynslan hefur sýnt, að starfsemi þeirra nefnda, sem stofnaðar hafa verið, hefur gefið góða raun, sem og starfsemi umferðaröryggisnefnda, er víða starfa og ná til fleiri en eins sveitarfélags.